

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 844/94**  
**frá 12. apríl 1994**  
**um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum(\*)**

**RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 75. gr.,  
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

með hliðsjón af málsmeðferðinni í 189. gr. c í sáttmálanum, og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Með reglugerð (EBE) nr. 1101/89 <sup>(3)</sup> voru gerðar ráðstafanir til að draga verulega úr umframflutningsgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum; meðal annars voru gerðar tímabundnar ráðstafanir sem var ætlað að takmarka fjárfestingar í nýju flutningsrými og áttu upphaflega að gilda um fimm ára skeið.

Þessar ráðstafanir hafa stuðlað að minnkandi umframflutningsgetu í flutningum á skipgengum vatnaleiðum; efnahagssamdráttur að undanfögnu hefur samt sem áður valdið minnkandi eftirspurn eftir flutningum á skipgengum vatnaleiðum sem á ný hefur leitt til aukinnar umframflutningsgetu á öllum sviðum flutninga á skipgengum vatnaleiðum; því er æskilegt að ráðstafanirnar um skipulagsumbætur gildi áfram um nokkurn tíma; þá ber að skýra hugtakið „skip í rekstri” að því er varðar þessa reglugerð.

Spár gera ráð fyrir að umframflutningsgeta verði viðvarandi um langt skeið; því ber að endurmeta stöðuna fyrir árslok 1996 með hliðsjón af markaðsstöðunni eins og hún verður þá.

**SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:**

**1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 1101/89:

1. Eftirfarandi komi í stað inngangs að þriðju undirgrein 1. mgr. 5. gr.:

„Í skipaflota í rekstri skulu vera skip í vel starfhæfu ástandi sem greitt hefur verið árlegt framlag fyrir samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 4. gr. að minnsta kosti þrisvar sinnum og”;

2. Í fyrsta málslið a-liðar 1. mgr. 8. gr. komi „tíu ára” í stað „fimm ára”;

3. Eftirfarandi málsgrein er bætt við 10. gr.:

„5. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu eigi síðar en 31. desember 1996 þar sem lagt er mat á heildaráhrif þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tillögur ef við á.”

**2. gr.**

Reglugerð þessi öðlast gildi 28. apríl 1994.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Lúxemborg 12. apríl 1994.

Fyrir hönd ráðsins,

**F. CONSTANTINO**

forseti

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttö. EB nr. L 98, 16. 4. 1994, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/94 frá 28. október 1994 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES- viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjttö. EB nr. C 341, 18. 12. 1993, bls. 17.

(2) Álit var skilað 26. janúar 1994 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

(3) Stjttö. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.